

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. bann við vinstri beygju inn á Suðurlandsbraut frá útkeyrslu af hliðargötu á móts við lóðamörk milli nr. 12 og 14,
2. bann við vinstri beygju inn á Suðurlandsbraut frá útkeyrslu af hliðargötu á móts við lóðamörk milli nr. 26 og 28,
3. að einstefna verði á hliðargötu við Suðurlandsbraut frá útkeyrslu frá lóð nr. 16 að innkeyrslu frá Suðurlandsbraut við vesturmörk lóðar nr. 6,
4. að einstefna verði á hliðargötu við Suðurlandsbraut frá inn/útkeyrslu austan við nr. 32 að innkeyrslu frá Suðurlandsbraut á móts við nr. 18.

Ákvörðun þessi tekur gildi 10. desember 1989.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 22. nóvember 1989.

Böðvar Bragason.

SKIPULAGSSKRÁ

Visinda- og tækjakaupasjóðs sýklarannsóknadeildar Landspítalans.

1. gr.

Sjóðurinn heiti Visinda- og tækjakaupasjóður sýklarannsóknadeildar Landspítalans. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnandi sjóðsins er Ólafur Steingrímsson, Steinaselí 5, yfirlæknir á sýklarannsóknadeild Landspítalans.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla læknisfræðilegrar rannsóknir á sviði smitsjúkdóma og sýklafræði með tækjakaupum og rannsóknastyrkjum, m.a. til endurmenntunar og símenntunar starfsfólks.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Yfirlæknir sýklarannsóknadeildar Landspítala, sem er formaður, sérfræðingur í smitsjúkdómum á Landspítalanum eða yfirlæknir smitsjúkdómadeildar, þegar hún verður sett á stofn og framkvæmdastjóri stjórnunarviðs Ríkisspítalanna.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 300 000,00 og má ekki skerða það.